



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

**„Stendur og fellur þjóðin og málið
hvort með öðru“**

Tungumál og mótun íslenskrar sjálfsmyndar

Ritgerð til B.A.-prófs

Zuzana Stankovitsová

Maí 2012

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska sem annað mál

**„Stendur og fellur þjóðin og málið
hvort með öðru“**

Tungumál og mótun íslenskrar sjálfsmyndar

Ritgerð til B.A.-prófs

Zuzana Stankovitsová

Kt.: 120485-4079

Leiðbeinandi: Gunnar Þór Bjarnason

Maí 2012

Ágrip

Þjóðernishyggjan var áhrifamikil afl í Evrópu á síðastliðnum tveimur öldum: hún breytti landakortinu og einnig sjálfsmynd fólks. Þjóðernisvitund varð mikilvægur hluti af sjálfsmynd einstaklinga og er það vissulega enn í dag. Ritgerð þessi rannsakar hlutverk tungumáls í þróun íslenskrar sjálfsmyndar. Efnið er nálgast út frá sögulegu sjónarhorni. Í innganginum er almennt yfirlit yfir efnið og annar kafli kynnir fræðilegan bakgrunn og helstu kenningar sem höfðu áhrif á söguskoðunina bæði í útlöndum og á Íslandi. Í þriðja kafla er sjónum beint að fræðilegri orðræðu um þjóðernisvitund á miðöldum og að verki Arngríms lærða, sem skapaði undirstöðu sem menntamenn gátu byggt á á seinni öldum. Í fjórða kafla er fjallað um mótun íslenskrar sjálfsmyndar á 19. öld. Skoðaðar eru evrópskar hreyfingar sem höfðu áhrif á þjóðernishugmyndir Íslendinga og hvernig þær og ýmsar godsagnir voru notaðar á tímum sjálfstæðisbaráttu með því markmiði að móta og rökstyðja kröfuna um íslenskt þjóðríki. Einnig er rætt um rómantíska þjóðernishyggju, áhrif hennar og hlutverk sögunnar við mótun þjóða.

Lykilorð: þjóðernishyggja, sjálfsmynd, þjóðernisvitund, tungumál, sjálfstæðisbarátta.

Abstract

Nationalism has been very influential during the previous two centuries and it has considerably shaped both the modern map of Europe and peoples' idea of nationality. National identity has become an important part of the individual's self-image and still remains important today. This thesis researches the role of language in the shaping of Icelandic national identity. The topic is approached from a historical perspective. The introduction provides a general outline of the topic and is followed by a theoretical background in the second chapter, which illustrates the most influential modern theories that shaped the contemporary scholarly discourse both in Iceland and abroad. The third chapter examines the discussion about national identity in the Middle Ages as well as the works of Angrímur Jónsson, who provided a foundation which later scholars could build upon. The fourth chapter concentrates on the formation of the Icelandic national identity in the 19th century. Focus is on the crucial streams in Europe which influenced Icelandic nationalism, such as romantic nationalism, its influence and the role of history in the process of nation building. It also examines how these ideas and different national myths were used during the struggle for independence with the purpose of forming and supporting the Icelandic national state.

Key words: nationalism, identity, national identity, language, Icelandic struggle for independence.

Formáli

Frá sjónarhorni útlendings sem lærir íslensku er sérstök afstaða til tungumálsins áberandi hjá Íslendingum. Óhjákvæmilegt er að taka eftir ráðandi málstefnu sem einkennist af hreintungustefnu og nýyrðasmíði. Mörgum finnst fyrst skrítið og skemmtilegt að íslenskan er með sérstök orð fyrir mörg fyrirbæri þar sem flest önnur tungumál, a.m.k. í Evrópu, nota alþjóðleg heiti. Af hverju horfa Íslendingar á *sjónvarp*, hlusta á *útvarp* eða tala í *síma*? Áhugi minn á þessu efni leiddi til að ég skrifaði ritgerð til M.A.-prófs við Comenius Háskóla í Bratislava um íslenska málstefnu. Hluti af verkefninu var stutt könnun um viðhorf Íslendinga og Slóvaka til efnisins þar sem ein spurninganna snerist um sjálfsmynd Íslendinga og Slóvaka. Þátttakendur voru beðnir að nefna þrjá hluti sem skilgreina þá sem Íslendinga og Slóvaka. Þrátt fyrir að könnunin hafi ekki verið unnin með nákvæmum tölfræðilegum aðferðum og því ekki hægt að draga nákvæmar ályktanir af henni, var útkoman mjög áhugaverð. Hún gaf í skyn að tungumálið leiki mikilvægt hlutverk í sjálfsmynd Íslendinga.

Þessi óvænta útkoma vakti athygli mína og var þannig uppspretta ritgerðar þessarar. Hún er lokaverkefni í B.A. námi í Íslensku sem öðru máli við íslenskudeild hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Ritgerðin er til 10 eininga. Leiðbeinandi var Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur og þakka ég honum fyrir gagnlegar leiðbeiningar og samvinnu.

Efnisyfirlit

I.	INNGANGUR	5
II.	FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR	7
	2.1 Hvað er þjóð?	7
	2.2 Hafa þjóðir nafla?	10
	2.3 Tungumál og sjálfsmynd	11
III.	RÆTUR ÍSLENSKRAR ÞJÓÐERNISHYGGJU	14
	3.1 Íslensk þjóð í þúsund ár?	14
	3.2 Í upphafi var Crymogæa	15
IV.	ÞJÓÐERNISVITUND Á ÞJÓÐLEGUM ÖLDUM	18
	4.1 Náttúrulegt eðli þjóðar – þýsk þjóðernishyggja	19
	4.2 Hin forna frægð – hugsjón gullaldarinnar	22
	4.3 Þjóðarandinn og þjóðhetjur – rómantíkin	24
	4.4 „Fellur málið og þjóðin hvort með öðru“	26
V.	NIDURSTAÐA	29
VI.	HEIMILDASKRÁ	32

I. Inngangur

Ein af grundvallarspurningum mannlegrar tilveru er óneitanlega spurningin um sjálfsmyndina: Hver er ég? Sjálfsmyndin er marghliða og sett saman af mismunandi þáttum eins og kynferði, stétt, landafræðilegum skilyrðum, trúarbrögðum o.s.frv.¹ Einn þeirra er þjóðernisvitundin (e. *national identity*)² sem leikur mikilvægt hlutverk, sérstaklega í samskiptum í alþjóðlegu umhverfi. Ekki er tilviljun að algeng spurning við fyrstu kynni er hvaðan maður komi, hvers lenskur maður sé. Í fyrstu tímum tungumálanámskeiða lærir maður að segja nafnið sitt og heimalandið. Oftast er auðvelt að telja upp hluti eða fyrirbæri sem eru dæmigerð fyrir tiltekið land, sem gera það öðruvísi en hin, og sem hjálpa okkur að tilgreina hvaða þjóð við tilheyrum.

Íslendingar hafa yfirleitt mjög sterka þjóðernisvitund og „enginn málsmetandi Íslendingur dró það nokkurn tíma í efa að Íslendingar væru sérstök þjóð.“³ Þjóðernið virðist vera sjálfgefið, sérstaklega vegna landfræðilegar legu Íslands og einsleitni í tungumáli og menningu. Það virðist þannig vera skýrt afmarkað hverjir geta talist vera Íslendingar, að minnsta kosti samkvæmt þeirri þjóðernishyggju sem hefur verið ráðandi á Íslandi líkt og í fleiri Evrópulöndum. Gjarnan er einnig minnt á að þjóðin hafi verið til í rúmlega þúsund ár – landnámsmenn hafa orðið að Íslendingum í síðasta lagi þegar þeir stofnuðu hið forna Alþingi árið 930. Hefðbundin söguskoðun kennir að forfeður Íslendinga hafa byggt upp frjálst samfélag sem blómstraði þangað til að Ísland gekk Noregskonungi á hönd. Erlendri yfirstjórn hafi fylgt aldir af hnignun og eymd þangað til að Íslendingar vöknudu, risu upp gegn erlendri kúgun og stofnuðu sjálfstætt ríki. Hugmyndir eins og þessar eru ennþá lifandi í hugum Íslendinga, enda er lýðveldið ungt og „þjóðernisbaráttan er því lifandi í minningum landsmanna.“⁴

Íslenskt þjóðerni byggist á þremur grundvallaratriðum: sögu, náttúru og tungumáli.⁵ Þó er hægt að segja að tungumálið hafi nokkra sérstöðu. Það er oft álitid

¹ Smith 1991:4.

² Í ýmsum ritum eru notuð ýmis hugtök sem þýðingar á ensku *national identity*, eins og *þjóðleg sjálfsmynd* (Sverrir Jakobsson 2003) eða *þjóðernisleg sjálfsmynd* (Sigríður Matthíasdóttir 2003). Hugtakið *þjóðernisvitund* er þó algengast og verður þess vegna notað í þessari ritgerð.

³ Guðmundur Hálfðanarson 2001a:37.

⁴ Sama heimild, bls. 17.

⁵ Sbr. t.d. Guðmundur Hálfðanarson 2005:56, Kristján Árnason 1999:449 og Sigríður Matthíasdóttir 2003:120.

hornsteinn íslenskrar menningar, jafnvel lagt að jöfnu við hana,⁶ og einnig helsta forsenda þjóðernisvitundar Íslendinga.⁷ „Hvað er það sem gerir Íslendinga að þjóð?“ spurði Páll Pétursson stjórnmalamaður í ræðu sinni í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins árið 1994. „Það er öðru fremur tungan,“ hélt hann áfram.⁸ Þessi viðhorf hafa mörgum sinnum verið ítrekuð, líka sú skoðun að „íslenska þjóðin sé úr sögunni ef tunga hennar líður undir lok.“⁹ Það að halda tungumálinu við í sínu hreinasta og „íslenskasta“ formi er þannig oft lagt að jöfnu viðhaldi þjóðar og þjóðernis. Hvaðan kemur þessi ofuráhersla á tungumálið hjá Íslendingum? Af hverju varð íslenskan undirstaða þjóðernisvitundar og réttlætning fyrir sjálfstæði? Og hvers vegna virðist samband Íslendinga við tungumál sitt sterkara en hjá mörgum öðrum þjóðum?

Þessum spurningum verður reynt að svara í þessari ritgerð. Markmið hennar er að rannsaka þróun þjóðernisvitundar Íslendinga með sérstakri áherslu á hlutverk tungumálsins. Litið verður á viðfangsefnið út frá sögulegu sjónarhorni og leitað að rótum þessarar hugsunar bæði í íslenskum heimildum og erlendum straumum sem hingað bárust. Sjálfsmyndin er auðvitað sett saman af fleiri þáttum sem eru allir mikilvægir. Þar sem viðfangsefnið er mjög víðamikilið verða þó ekki allar hliðar þess skoðaðar ítarlega, heldur verður tungumálið í brennidepli. Ekki verður heldur kannað hvers vegna Íslendingar kusu að berjast fyrir sjálfstæðu ríki eða hvernig sjálfstæðisbaráttan fór fram; hér má benda á bók Guðmundar Hálfðanarsonar *Íslenska þjóðríkið* sem fjallar einnig um efnið út frá þessu sjónarhorni. Útgangspunkturinn eru nútíma kenningar um þjóðerni og þjóðernishyggju, þ.e.a.s. kenningar sem hafna eðlislægum skoðunum um þjóðerni. Þær verða kynntar nánar í næsta kafla og verður talað um mótun þjóðernis með þær í huga, þó að margar godsagnir þjóðernishyggju verði rifjaðar upp í þeim tilgangi að varpa ljósi á fyrri tíma hugsunarhátt.

⁶ Arnar Guðmundsson 1995:121.

⁷ Guðmundur Hálfðanarson 2001a:16.

⁸ Páll Pétursson 1994:29.

⁹ Davíð Logi Sigurðsson 1998:191.

II. Fræðilegur bakgrunnur

Nútíma fræðimenn eru yfirleitt sammála um að nútíma þjóðir séu „fyrst og fremst pólitískt fyrirbæri og tengist sem slíkt náði uppruna og þróun nútíma ríkisvalds.“¹⁰ Upphaf þjóðernishyggju sem hugmyndafræði setja þeir á 18. og 19. öld þar sem mörg þjóðríki spruttu upp rétt fyrir og í kjölfar frönsku byltingarinnar (1789). Þróun þessi hélt áfram fram á 20. öld, t.d. í austur-Evrópu þar sem mörg ný þjóðríki voru stofnuð á 10. áratugnum. Fræðilegar rannsóknir á sviði þjóðernishyggju og þjóðernisvitundar voru lengi í anda svokallaðra frumlægra kenninga (e. *primordialism*) sem fullyrtu að þjóðir séu eldgamalt og náttúrulegt fyrirbæri.¹¹ Ný stefna sló í gegn á 9. áratug 20. aldar þegar fræðimenn eins og Ernest Gellner og Benedict Anderson birtu kenningar sínar um að þjóðir séu nútímafyrirbæri.¹² Stefnan var kölluð módernismi og breytti hún fræðilegum umræðum verulega. Þessar nýju kenningar höfðu einnig áhrif á söguskoðun á Íslandi. Í lok 20. aldar hófust rannsóknir á sviði íslenskrar þjóðernishyggju og þjóðernisvitundar. Ááhrifamestu fræðimenn á þessum sviði eru sagnfræðingarnir Gunnar Karlsson og Guðmundur Hálfðanarson. Í þessum kafla verða kynntar helstu kenningar í fræðilegri umræðu og þannig verður lagður fram fræðilegur grundvöllur að ritgerðinni.

2.1 Hvað er þjóð?

Til þess að geta talað um þjóðerni og þjóðernisvitund er nauðsynlegt að skilgreina grundvallarhugtökin. Við fyrstu sýn virðist það vera einfalt, sérstaklega ef haft er í huga að skilningur margra á þjóðerni er mótaður af frumlægum kenningum. Í raun og veru hafa skilgreiningar valdið miklum umræðum á milli sérfræðinga. Eins og Ernest Gellner bendir á er um torskilgreint hugtak að ræða,¹³ þannig að erfitt er að finna eina greiningu.

Eins og bent var á áðan voru frumlægar kenningar um eðli þjóða lengi ráðandi. Þær eiga rætur sínar að rekja til hugmyndafræði þýsku heimspekinganna Johannis

¹⁰ Guðmundur Hálfðanarson 2001a:35.

¹¹ Sama heimild, bls. 16.

¹² Gunnar Karlsson 1999:143.

¹³ Gellner 1983:6.

Gottfried von Herders (1744 – 1803) og Johanns Gottlieb Fichte (1762 – 1814). Samkvæmt þeim eru þjóðir „lífverur sem einstaklingurinn var settur undir; hann hafði ekkert líf fyrir utan slíka lífveru“¹⁴ og þjóðernið var manni gefið. Nánar verður fjallað um hugmyndir Herders og Fichte, sem flokkaðar voru undir menningarlega þjóðernishyggju (e. *cultural nationalism*), í fjórða kafla ritgerðarinnar, þar sem þær koma mikið við sögu í þróun íslenskrar þjóðernisvitundar. Hugmyndir um að þjóðir séu pólitískt fyrirbæri en ekki náttúrulegt kynnti Ernest Renan (1823 – 1892) í hinni frægu ræðu sinni *Qu'est-ce qu'une nation?* árið 1882 og er hann fulltrúi pólitískrar þjóðernishyggju (e. *political nationalism*).¹⁵ Hann skilgreinir þjóðina sem sál sem mótuð er úr sameiginlegum minningum fortíðarinnar og viljanum að halda áfram að lifa saman og halda fast í arf fortíðarinnar. Tilvist þjóðar ber hann saman við „daglega atkvæðagreiðslu“¹⁶ þannig að þjóðernið er ekki lengur gefið heldur byggir á vilja einstaklinga. Samkvæmt Renan eru þjóðir ekki eilíft fyrirbæri heldur hafa þær upphaf og endi.

Á þessari tvískiptingu þjóðernishyggju byggir einnig tvískipting þjóða eftir gerð þeirra. Eins og bent var á áður fékk hugtakið *þjóð* pólitíska vídd í kjölfar frönsku byltingarinnar. Þar sem einveldið var afnumið og þjóðin átti að koma til valda í staðinn fyrir konunginn var nauðsynlegt „að móta fólkið í einhvers konar einingu, skilgreinda og takmarkaða á einhvern hátt.“¹⁷ Á grundvelli þess hvernig þjóðin mótast voru tvær mismunandi gerðir þjóða skilgreindar,¹⁸ annars vegar ríkisþjóðir (e. *civic nations*) og hins vegar menningarþjóðir¹⁹ (e. *ethnic nations*). Ríkisþjóðir eru pólitískar einingar þar sem samfélagið sameinast á grundvelli sameiginlegs réttarkerfis og tiltekins landsvæðis, óháð efnískum uppruna. Þjóðernið ræðst þannig af *jus soli* (ísl. réttur jarðar). Menningarþjóðir hins vegar leggja áherslu á *jus sanguinis* (ísl. réttur blóðs), þ.e. sameiginlegan uppruna og ætterni, menningu, tungumálið og siði. Í slíkum ríkjum er oft gerður greinarmunur á þjóðerni og ríkisborgararétti. Í raun og veru er þó skiptingin ekki skýr og flestar þjóðir

¹⁴ Kamenka 1976:10-11, eigin þýðing, e. „Nations were organisms of which the individual was a subordinate part; outside such an organism he had no life.“

¹⁵ Sbr. Guðmundur Hálfðanarson 2001a:17-18.

¹⁶ Renan 1994:17.

¹⁷ Kamenka 1976:10, eigin þýðing, e. „people had to be moulded into some sort of unity, defined and limited in some sort of way.“

¹⁸ Sbr. Smith 1991:9-13 og Oakes 2001:12-14.

¹⁹ Hér eru notuð hugtök Guðmundar Hálfðanarsonar (2001c). Hann notar þau sem þýðingar yfir þýsku hugtökin *Staatsnation* og *Kulturnation* sem samsvara í eðli sínu ofan nefndum ensku hugtökum.

bera einkenni beggja gerða, t.d. er Frakkland talið vera ríkisþjóð en samt er mikil áhersla lögð á tungumálið²⁰ og varð það að þjóðtákn eins og fáninn og þjóðsöngurinn.²¹

Kenningar 18. og 19. aldar einbeittu sér sérstaklega að skilgreiningu á því hvað þjóðir eru og hvernig á að aðgreina þær. Á 20. öld sneru sérfræðingar sér að rannsóknnum á þjóðernishyggju sem hugmyndafræði og þá komu upp ný viðhorf, sérstaklega með kenningum svokallaðra módernista á 9. áratugnum. Samkvæmt þeim eru „þjóðir, eins og ríki, tilviljun, en ekki algild nauðsyn,“²² þar sem ekki allir þjóðernishópar myndi þjóðir og til séu mörg dæmi um mögulegar þjóðir sem aldrei urðu til.²³ Að mati Ernest Gellners er það „þjóðernishyggjan sem skapar þjóðir en ekki öfugt.“²⁴ Þjóðernishyggjan verði þó aðeins til undir tilteknum félagslegum kringumstæðum, þ.e. þegar stöðluð hámenning, sem nái yfir alla íbúa, verði til í kjölfar iðnbyltingarinnar þannig að þessi menning verði hluti sjálfsmyndarinnar. Menningin fái þá pólitíska vídd og krafan um að pólitísk eining samsvari hinni þjóðlegu spretti upp. Skilningur á hugtakinu *þjóð* breyttist þannig gríðarlega. Litið var á þær sem afurðir eða jafnvel uppfinningar þjóðernishyggju sem „tekur stundum menningarsamfélög sem þegar eru við lýði og breytir þeim í þjóðir, finnur þær stundum upp en afmáir oft menningarsamfélög sem þegar eru til staðar.“²⁵ Benedict Anderson²⁶ tjáir svipaðar hugmyndir og telur þjóðir vera ímynduð pólitísk samfélög. Röksemdir hans eru þær að meðlimir þjóða þekkjast aldrei allir, ekki einu sinni hjá minnstu þjóðum, þannig að þjóðin sem heild sé einungis til í huga þeirra. Þjóðir séu ímyndaðar með takmörkunum (e. „imagined as limited“); allar þjóðir hafa ákveðin mörk og fyrir utan þau eru aðrar þjóðir. Þessa takmörkun er mikilvægt að hafa í huga. Hún er tengd almennum kenningum um sjálfsmynd.²⁷ Samkvæmt þeim mótast nefnilega sjálfsmyndin alltaf í samskiptum við „Hitt“ (e. *the Other*) – án Hins getur sjálfið ekki

²⁰ Sbr. Smith 2001:13 og Guðmundur Hálfðanarson 2001a:21.

²¹ Ammon 2004:21.

²² Gellner 1983:6, eigin þýðing, e. „nations, like states, are a contingency, and not a universal necessity.“

²³ Sama heimild, bls. 43, en sbr. einnig Guðmundur Hálfðanarson 2001a:35 og umfjöllun hans um Bretóna, sem mynduðu ekki sjálfstætt ríki þó að forsendur þeirra hafi verið svipaðar og forsendur Íslendinga.

²⁴ Sama heimild, bls. 55, eigin þýðing, e. „It is nationalism which engenders nations, and not the other way round.“

²⁵ Gellner 1983:49, eigin þýðing, e. „nationalism sometimes takes pre-existing cultures and turns them into nations, sometimes invents them and often obliterates pre-existing cultures.“

²⁶ Anderson 1983:5-7.

²⁷ Hugtakið á uppsprettu sína í heimspeki og sálfræði. Í þessu samhengi má meðal annars nefna kenningar Georg Wilhelm Friedrich Hegels, Emmanuel Lévinas, Jacques Lacans o.fl. (sbr. Neumann 1999:1ff).

skilgreint sjálft sig.²⁸ Þessar kenningar eiga bæði við einstaklinga og hópa, þar á meðal þjóðir. Eins og Hogg og Abrams benda á flokkum við okkur sjálf nákvæmlega eins og umhverfi okkar. Í þessu ferli er athugað hvað við eigum sameiginlegt með öðrum og hvað aðgreinir okkur frá þeim. Skilgreining sjálfsins gerist þannig í samræmi við einhvers konar frumgerð hópsins, þ.e.a.s. þau einkenni sem að mati einstaklings skilgreina hópinn.²⁹ Á þennan hátt mótast einnig þjóðernisvitundin, sem byggir á því hvað einstaklingurinn á sameiginlegt með eigin þjóð (sem þá sést í öllum þeim einkennum þjóðarinnar sem manni detta venjulega í hug) og því sem aðgreinir hann frá öðrum þjóðum. Á einfaldan hátt má segja að við erum við vegna þess að við erum frábrugðin hinum.

2.2 Hafa þjóðir nafla?

Móðernistar viðurkenna að mannkynið skiptist alltaf í hópa en eru þeirrar skoðunar að fortíðin og efnískar forsendur – með orðum Gellners „naflar“ þjóða – skipti engu máli.³⁰ Frá móðernistum klofnaði önnur stefna sem kölluð er efnísismi eða efnó-symbólismi (e. *ethno-symbolism*), og er mikilvægasti fulltrúi hennar breski félagsfræðingurinn Anthony D. Smith. Hann er að mestu leyti sammála móðernistum í því að þjóðir séu nútíma fyrirbæri, en telur efnískar rætur þeirra mikilvægar.³¹ Hann leggur áherslu á að margar þjóðir, þó ekki allar, byggist á efnískum tengslum. Vegna áhrifa þjóðernishyggju verði innlend menning að nýrri opinberri fjöldamenningu þjóðarinnar þannig að sameiginlegar minningar, gildi, goðsagnir og tákn skipti miklu máli fyrir framhald hennar. Smith gerir greinarmun á milli þjóða (e. *nations*) og þjóðernishópa (e. *ethnic group*, en Smith sjálfur notar franska orðið *ethnie*).³² Í skilgreiningu hans er þjóð „tilnefndur hópur manna sem deilir sameiginlegu sögulegu landsvæði, sameiginlegum goðsögnum og sögulegum minningum, opinberri fjöldamenningu, sameiginlegu

²⁸ Neumann 1999:13.

²⁹ Hogg og Abrams 1988:21.

³⁰ Sbr. Gellner 1995.

³¹ Sbr. Smith 1995.

³² Þegar kemur að greinarmuni milli *nation* og *ethnie* notar Gunnars Karlsson íslenska orðið þjóð fyrir *ethnie* en pólitísk þjóð fyrir *nation*. Guðmundar Hálfðanarsonar á hinn bóginn notar þjóð í merkingunni *nation*, en hugtakið þjóðflokkasamfélag fyrir *ethnie*. Í þessari ritgerð valdi ég að fylgja hvorugri leiðinni heldur nota orðin þjóð í merkingunni *nation* og þjóðernishópur fyrir *ethnie*.

efnahagslífi og sameiginlegum réttindum og skyldum fyrir alla meðlimi.³³ Þjóðernishópur er á hinn bóginn hópur manna sem á sér sameiginlegt nafn, ætterni, goðsagnir, sögu og menningu sem er í tengslum við tiltekið svæði og hefur ákveðna sjálfsmynd og samkennd,³⁴ en vantar sameiginlegt efnahags- og réttarkerfi. Í íslenskri fræðilegu umræðu fór fram svipuð umfjöllum milli þeirra Guðmundar Hálfðanarsonar og Gunnars Karlssonar.³⁵

2.3 Tugumál og sjálfsmynd

Tugumálið hefur alltaf verið eitt af mikilvægustu atriðunum sem móta sjálfsmynd fólks. Tugumálanotkun gefur vísbendingar um félagsleg tengsl, stétt, menntun, kynferði, aldur, þjóðerni o.s.frv. og aðgreinir þannig ólíka hópa manna.³⁶ Oft er notkun ákveðins málsniðs val einstaklings sem vill sýna að hann eða hún tilheyrir ákveðnum hópi, sem dæmi má nefna ýmis slanguryrði unglunga sem vilja aðgreina sig frá kynslóð foreldra sinna. Tugumálið er þannig mikilvægt hóptákn.

Við fyrstu sýn virðist tugumál vera einföld vísbending um skiptingu fólks í þjóðir. Hvaða aðferð er auðveldari til þess að aðgreina Íslending frá Dana en að skoða tugumál þeirra? Viðhorf þessi voru algeng hjá þýskum fræðimönnum á 18. og 19. öld sem álitu tugumál vera eina helstu forsendu fyrir myndun þjóða,³⁷ og breiddist viðhorfið síðan út. En vandamálið felst í því að tugumál eru ekki einsleit fyrirbæri; í hverri tungu eru ólík málafrbrigði, bæði félagsleg og landfræðileg, og munurinn á milli þeirra getur stundum verið meiri en á milli tveggja aðskilinna tugumála.³⁸ Oakes bendir á að aðgreining og flokkun tugumála byggji ekki einungis á málvísindalegum forsendum, heldur líka félags- og pólitískum (e. *socio-political*).³⁹ Sem dæmi nefnir hún *meänkieli* sem í Finnlandi telst vera finnsk mállýska en í Svíþjóð telst það vera sérstakt tugumál. Kristján

³³ Smith 1991:14, eigin þýðing, e. „a named human population sharing an historic territory, common myths and historical memories, a mass, public culture, a common economy and common legal rights and duties for all members.“

³⁴ Smith 1986:29.

³⁵ Gunnar Karlsson í viðtali við Ólaf Rastrick; Ólafur Rastrick 2003:241.

³⁶ Fabio Dei (2005:5-6) skilgreinir fimm samsömunarþrep (e. *levels of identification*) sem birtast í tugumálinu: þjóðerni (e. *national level*), stétt (e. *social class*), kynferðisleg sjálfsmynd (e. *sexual identity*), kynslóð (e. *level of generation*) og starfssjálfsmynd (e. *professional identity*).

³⁷ Nánar um kenningar þeirra verður fjallað í kafla 4.1.

³⁸ Sbr. t.d. Gellner 1983:47.

³⁹ Oakes 2001:19-20.

Árnason bendir á að skandinavísku málin séu svo lík að frá málfræðilegu sjónarhorni mætti líta á þau sem mállýskur sama tungumáls, en þar sem þau eru töluð í þremur mismunandi ríkjum eru þau talin þrjú mismunandi tungumál.⁴⁰ Augljóst er að tungumál geta ekki dregið nákvæm og skýr mörk á milli ólíkra þjóða eða þjóðernishópa.

Engu að síður eru tungumál talin vera ein mikilvægustu einkenni þjóða og enn í dag þykir oft edlilegt að flokka fólk í þjóðir eða þjóðernisflokka á grundvelli tungumáls þeirra. Á þessu þjóðernislega stigi leikur tungumálið tvenns konar hlutverk. Það aðgreinir „okkur“ frá „hinum“ – notendum annarra mála – annars vegar, en sameinar málfélagið innbyrðis hins vegar.⁴¹ Guðmundur Hálfðanarson bendir á að þessi sameining gildi ekki bara í nútímanum, heldur einnig sögulega, þannig að þjóð er að hans mati „sameinaður hópur liðinna, nútíma og komandi kynslóða sem lifir á sama landsvæði og á sér sameiginlegt tungumál og minningar.“⁴² Stundum gegna tungumál einungis táknrænu hlutverki fyrir samfélagið. Ulrich Ammon tekur írsku sem dæmi, þar sem einnig Írar sem ekki tala írsku telja tungumálið grundvallaratriði fyrir sjálfsmynd þeirra.⁴³ Davíð Logi Sigurðsson færir rök fyrir því að „mýtan um tengsl þjóðar og tungu [sé] afsprengi þjóðernisorðræðunnar en ekki náttúruleg staðreynd“⁴⁴ og notar einmitt Íra og írsku sem dæmi þess að þjóðin heldur áfram að vera þjóð þó að hún hætti að tala tungumál sitt. Í þessu sambandi má þó benda á tilfinningalegt, og þar með huglægt, eðli þjóðernishyggju.⁴⁵ Þar af leiðandi nálgast einnig atriði sem mynda þjóðernisvitundina á huglægan hátt. Þannig á hugmyndin um að sérstakt tungumál sé einkenni eða jafnvel forsenda þjóðar ekki við rök að styðjast. Tungumálið gegnir þó því hlutverki að sameina einstaklinga sem telja sig tilheyra þjóðinni.

Margar þjóðir eiga skýr tungumálalandalamæri, t.d. er íslenska frábrugðin dönsku og öðrum tungumálum, að því leyti að enginn vafi er á því að Íslendingar tala sérstakt tungumál og geta þannig skilgreint sig sem þjóð út frá því. Hjá öðrum þjóðum voru slík málfræðileg skilyrði mótuð í kjölfar þjóðernishyggju og í þessu samhengi lék málstaðall

⁴⁰ Kristján Árnason 1999:452.

⁴¹ Guðmundur Hálfðanarson 2005:56, þessi tvenns konar hlutverk eiga auðvitað ekki einungis við þjóðtungur heldur einnig við málafræðingja eins og mállýskur og hópmaal.

⁴² Guðmundur Hálfðanarson 2005:56, eigin þýðing, e. „a nation is a collective group of past, present and future generations, living in the same geographic space, and united by the same language and memories.“

⁴³ Ammon 2004:17.

⁴⁴ Davíð Logi Sigurðsson 1998:208.

⁴⁵ Sbr. Guðmundur Hálfðanarson 2001a:34 og 221.

mikilvægt hlutverk. Slóvakískur málstaðall var ákveðinn á 19. öld af menntamönnum⁴⁶ sem vildu sameina fólk sem talaði ýmsar mállýskur í norðurhluta Ungverjlands. Annað dæmi er ítalskan; þjóðtungan byggðist á ritmáli og ráðandi bókmenntahefð á tímum sameiningar Ítalíu, en talmálið skiptist engu að síður í fjölmargar mállýskur.⁴⁷ Þetta sýnir að málfræðileg eining er oft mótuð eða að minnsta kosti efld með markvissri stöðlun tungumáls. Með orðum Fabio Dei var það „pólítísk eining sem bjó til málfræðilega einingu . . . frekar en öfugt“⁴⁸ og var málfræðilega einingin jafnvel nauðsynleg til að móta pólítíska einingu. Leigh Oakes bendir á samband stöðlunar og þjóðernisvitundar⁴⁹ sem eru oft í beinu samhengi – því staðlaðra sem tungumálið er því sterkara er þjóðernisvitund hópsins. Þessu má einnig snúa við og draga þá ályktun að stöðlun tungumáls er notuð til þess að efla þjóðernisvitundina og einingu þjóðarinnar. Hið staðlaða tungumál verður að opinberri þjóðtungu, mállýskum og öðrum málafræðilegum skipað hærra, þannig að það verður að einhvers konar ramma fyrir þjóðina⁵⁰ og afmarkar það svipað og t.d. landsvæðið. Tungumálið er einnig mikilvægt einkenni fyrir þjóðir sem tala sama tungumál og aðrar. Hér má nefna Austurríkismenn sem dæmi. Tungumál þeirra er ekki nógu frábrugðið þýsku til að geta talist sérstakt tungumál, en engu að síður er mikil áhersla lögð á austurrískt afbrigði þýskunnar (þ. *Österreichisches Standarddeutsch*) sem er viðurkennt til jafns við þýsku í Þýskalandi (þ. *Standarddeutsch Deutschlands*). Neumann nefnir einnig tungumálapörin serbnesku/króatísku og rússnesku/úkraínsku, þar sem munurinn er óverulegur, en reynt er að komast undan áhrifum hins tungumálsins til þess að styrkja stöðu eigin tungumáls. Þessi málfræðilega afmörkun er þannig mikilvæg fyrir pólítíska sjálfsmynd þjóða.⁵¹

⁴⁶ Fyrstu tilraun til þess að innleiða málstaðal gerði Anton Bernolák árið 1787, en tilraunin mistókst þar sem tillögur hans voru ekki samþykktar af evangelískum hluta menntamanna sem héltu áfram að nota „slóvakísra“ afbrigði tékkneskunnar. Önnur tilraun gerði Ludovít Štúr árið 1844 og eftir nokkur ár og umræður tókst loks að samþykkja algildan slóvakíska málstaðal árið 1852.

⁴⁷ Dei 2005:6.

⁴⁸ Dei 2005:7, eigin þýðing, e. „political unity that produced linguistic unity . . . rather than vice versa.“

⁴⁹ Oakes 2001:50.

⁵⁰ Sbr. einnig Kristján Árnason 1999:454, um hlutverk trúarríta sem skapa einskonar ritstaðal.

⁵¹ Neumann 1999:7.

III. Rætur íslenskrar þjóðernisvitundar

3.1 Íslensk þjóð í þúsund ár?

Eins og bent var á áður er hugmyndin um náttúrulegt eðli íslensks þjóðernis útbreidd meðal Íslendinga og gjarnan er fæðing íslenskrar þjóðar dagsett á tíma þjóðveldisaldar. Rannsóknir á þjóðernishyggju á síðustu áratugum drógu þessa söguskoðun í efa og útrýmdu henni jafnvel. Fræðimenn eru nú sammála um að þjóðernisvitundin tengdist ekki pólitískum hugmyndum um sjálfstæði fyrr en á tímum sjálfstæðisbaráttu, en skiptar skoðanir eru um hver staða þjóðernisvitundar var hér á landi áður en 19. öld gekk í garð. Að mati Gunnars Karlssonar var „vitundin um íslenskt þjóðerni alltaf á lífi á Íslandi.“⁵² Hann telur að Íslendingar hafi skilgreint sig frá öðrum þjóðum í síðasta lagi á 12. öld.⁵³ Samkvæmt sagnfræðingnum Sverri Jakobssyni virðast Íslendingar á miðöldum ekki vera með sterka þjóðlega samstöðu heima á Íslandi – þar var héraðssjálfsmyndin sterkari, og „tilfinning þeirra fyrir þjóðerni verður til erlendis og í samskiptum við erlent konungsvald.“⁵⁴ Hann bendir á að þjóðleg sjálfsmynd hafi einungis verið hluti af margbrotinni sjálfsmynd fólks, og skipti minna máli og á annan hátt en hún gerir í okkar skilningi í dag. Einnig segir Gunnar Karlsson að óvíst sé „að hve miklu leyti þeim fannst þeir tilheyra einhverri þjóð.“⁵⁵ Þeir samsömuðu sig frekar landinu í landfræðilegum skilningi og lögunum.⁵⁶ Sú staðreynd að Ísland er landfræðilega skýrt afmarkað – og einnig tiltölulega fjarlægt öðrum landsvæðum – og að Alþingi var stofnað fyrir allt landið árið 930 stuðlaði sennilega að því að Íslendingar afmörkuðu sig sem slíka í samanburði við aðra. Öll einkenni þess að Íslendingar aðgreindu sig frá öðrum má þó frekar skilja sem þjóðræknir eða ættjarðarást (e. *patriotism*), þ.e.a.s. samkennd með hópi sem einstaklingurinn lifir í.⁵⁷

Tungumálið hafði ennþá ekkert aðgreinandi hlutverk á þessum tíma og þannig heldur lítið gildi fyrir sjálfsmyndina. Þrátt fyrir að munur hafi verið á tungumálum Norðurlandanna gerði fólk sér ekki grein fyrir því; lítið var á tungumálið sem eina heild –

⁵² Gunnar Karlsson 1999:178.

⁵³ Gunnar Karlsson 1988:28-29.

⁵⁴ Sverrir Jakobsson 2003:29.

⁵⁵ Gunnar Karlsson 1988:30.

⁵⁶ Sbr. Sverrir Jakobsson 2003:32-33 og Gunnar Karlsson 1988:29-30.

⁵⁷ Sbr. Gellner 1983:138.

norrænu eða danska tungu fram á 15. öld.⁵⁸ Tímamót í viðhorfi til tungumáls markaði Arngrímur Jónsson hin lærði á tímabili fornmenntastefnunnar sem lagði einnig grundvöll að þjóðernishyggju seinni alda.

3.2 Í upphafi var *Crymogæa*

Arngrímur Jónsson (1568 – 1648) gaf út fræðirit á latínu sem beindust gegn ranghugmyndum um Ísland eins og þær birtust í erlendum ritum.⁵⁹ Frá sjónarhorni þjóðernishyggju seinni alda markar hann tímamót með fræðiritinu *Crymogæa sive rerum Islandicarum libri III* sem var gefin út í Hamborg 1609. Gunnar Karlsson tekur fram að Arngrímur hafi fyrstur sett á blað hugmyndina um íslenska gullöld og benti á mikilvægi tungumáls og varðveislu þess.⁶⁰ *Crymogæa* er fyrst og fremst rit um Íslandssögu og rekur hana frá landnámi. Að mati Gunnars skildi Arngrímur landnámið sem „sókn til frelsi[s]“ og fall þjóðveldisins sem „ótvírætt tjón“⁶¹ sem endaði hina glæstu gullöld. Þessa framsetningu á Íslandssögunni má sjá í samhengi við fornmenntastefnu 16. og 17. aldar.⁶² Mikilvægt fyrir íslenska þjóðernisvitund er einmitt goðsögnin um gullöldina, sem síðar var tekin upp og notuð í þjóðernissinnuðum tilgangi. Þetta efni verður tekið aftur upp og útfært í næsta kafla.

Arngrímur lagði grunn að seinni tíma viðhorfum Íslendinga til tungumálsins. Hann var fyrstur til að benda á gildi þess og hvatti til varðveislu á hreinleika þess með því að taka handritin sem „varðveita fornan hreinleika tungunnar og glæsilegan stíl“ til fyrirmyndar.⁶³ Breytingar á tungumáli skynjaði hann sem hættu þannig að sögu íslenskrar mállhrensunar má rekja allt aftur til Arngríms. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því sögulega samhengi sem leiddi til ritunar *Crymogæu*. Eins og Gottskálf Þór Jensson bendir á var hún skrifuð í anda og undir miklum áhrifum evrópskrar fornmenntastefnu sem var ráðandi á þeim tíma. Þar eru hugmyndir og hugsjónir fornaldarmenningar Grikkja og Rómverja hafðar til fyrirmyndar. Hreitungustefna, áberandi þjóðrækni og

⁵⁸ Sverrir Jakobsson 2003:24-25.

⁵⁹ Morgan 2001:224ff; í greininni má finna nákvæma greiningu ádeilurita Arngríms frá þessu sjónarhorni sem verður ekki lýst ítarlega í þessari ritgerð.

⁶⁰ Gunnar Karlsson 1999:160 og 164.

⁶¹ Gunnar Karlsson 1999:161.

⁶² Sbr. Gottskálf Þór Jensson 2003 fyrir nákvæma greiningu.

⁶³ Arngrímur Jónsson 1985:104.

gullaldarhugmyndin eru allt einkenni fornmenntastefnunnar⁶⁴ og finnum við þau líka hjá Arngrími. En hvernig stendur á því að íslenskunni er lýst sem forn máli og hún verður hliðstæð latínu og grísku? Að mati Gottskálks var megintilgangur Arngríms að „hrista af [Íslendingum] barbararóðið“⁶⁵ og sanna gildi lærdóms á Íslandi. Á endurreisnartímabilinu var latína eina viðurkennda tungumál lærdóms og bókmennta. Vandamál íslenskra menntamanna var að engin „miðaldaverk íslensk skrifuð á fagaðri latínu“ voru varðveitt og þeir urðu því „að finna upp viðameiri og flóknari rök.“⁶⁶ Til þess að rökstyðja notkun íslensku í staðinn fyrir latínu „upphefur Arngrímur tungumál Íslendinga og setur það á stall sem hliðstæðu frumtungunnanna þriggja: hebresku, grísku og latínu.“⁶⁷ Arngrímur fullyrðir að íslenska sé „hin forna og óspillta norska, sem komin er af fornri gotnesku, en hreina tala hana nú Íslendingar einir,“⁶⁸ þó að áður hafi hún verið töluð víða í Norður-Evrópu. Þar sem þær breytingar sem urðu í tungumálinu gerðust á hljóðfræðilegu sviði – en endurspegluðust ekki í ritmáli, staðfestu varðveittar bókmenntir að Íslendingar töluðu ennþá hið upprunalega tungumál. Bæði bókmenntirnar og tungumálið fengu þannig nýtt gildi sem „klassísk“ og bar að meðhöndla með sömu virðingu og hin forn málin, meðal annars með því að verja tungumálið gegn spillingu.

Á upplýsingaröldinni tók Eggert Ólafsson (1726 – 1768) í sama streng og Arngrímur, bæði þegar að gullöldinni og varðveislu tungunnar kemur. Hann skynjaði þjóðveldisöldina, andstætt almennri söguskoðun þess tíma, sem blómatíma sem leið undir lok þegar Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd.⁶⁹ Hin forna gullöld var í hrópandi andstæðu við samtíma Eggerts þegar landið var fátækt og í hnignun. En þetta slæma ástand var enn ekki farið að tengja erlendu yfirvaldi – konungi var hrósað og taldist hann vera „uppspretta friðar og réttlætis á Íslandi.“⁷⁰ Tungumálið fékk þó sífellt meiri athygli frá menntamönnum og tóku þeir fram hve mikilvægt væri að vernda það og forðast erlend áhrif.⁷¹ Þrátt fyrir að þjóðrækni hafi sífellt orðið mikilvægara í hugum Íslendinga og þjóðernisvitundin hafi smám saman tengst tungumálinu, hafði það ennþá

⁶⁴ Sbr. Gottskálf Þór Jensson 2003:66, Morgan 2001:224 og Smith 1997:39.

⁶⁵ Gottskálf Þór Jensson 2003:68.

⁶⁶ Sama heimild, bls. 68.

⁶⁷ Sama heimild, bls. 68.

⁶⁸ Arngrímur Jónsson 1985:96.

⁶⁹ Sbr. Ragnheiður Kristjánsdóttir 1996:144-145.

⁷⁰ Guðmundur Hálfðanarson 2001b:4, eigin þýðing, e. „a source of peace and justice in Iceland.“

⁷¹ Sbr. Kjartan G. Ottósson 1990:29ff; hér má einnig benda á starfsemi Hins íslenska lærdómslistafélags sem var stofnað árið 1779 og stóð fyrir hreintungustefnu og nýyrðasmíð.

engar pólítískar afleiðingar; Íslendingar byrjuðu ekki að berjast fyrir auknum pólítískum réttindum fyrr en á fyrri hluta 19. aldar. Að þessu verður vikið í næsta kafla.

IV. Þjóðernisvitund á þjóðlegum öldum

Sem fyrr segir mótaðist þjóðernishyggjan, sem tengdi þjóðrækni pólitískum kröfum, í kjölfar atburða og þjóðfélagslegra breytinga sem urðu í Evrópu um aldamótin 1800. Franska byltingin árið 1789, sem átti sér stað undir áhrifum upplýsingarinnar, olli því að einveldið var afnumið í Frakklandi og skipt út fyrir fyrsta lýðveldið. Valdið færðist frá konungi til fólksins, þannig að konungurinn hætti að vera það sem sameinaði þegnanna, og þar af leiðandi var nauðsynlegt að sameina fólkið á annan hátt.⁷² Í Frakklandi mótaðist þjóðin á grundvelli sameiginlegra réttinda óháð efnísku þjóðerni í anda kjörorðsins *liberté, égalité, fraternité*. Þessar nýju pólitísku hræringar í Evrópu höfðu í fyrstu lítil áhrif á Íslendinga.⁷³ Landið var plagað af afleiðingum Móðuharðindanna og stríða, sem hömluðu siglingum og ollu skorti á vörum.⁷⁴ Næstu byltingar í Frakklandi – í júlí 1830 og febrúar 1848 – höfðu hins vegar viðamikil áhrif á Íslandi eins og víða um Evrópu. Frjálslyndar hugmyndir sem bárust til Danmerkur höfðu áhrif á hertogadæmin Slésvík og Holtsetaland, sem voru að meirihluta þýskmælandi, þar sem farið var að krefjast aukinna pólitískra réttinda.⁷⁵ Einveldið byrjaði smátt og smátt að hrynja. Árið 1834 gaf Friðrik 6. Danakonungur út tilskipun um stofnun fjögurra stéttaþinga fyrir Holtsetaland, Slésvík, Jótland og dönsku eyjarnar. Íslendingar fengu eigið ráðgjafarþing árið 1845, þegar Alþingi var endurreist í Reykjavík. Einveldið var afnumið 1848 og árið 1874 fengu Íslendingar eigin stjórnarskrá. Sjálfstæðisbaráttunni lauk árið 1918 með fullveldi en tæplega 30 árum seinna stofnuðu Íslendingar sjálfstætt lýðveldi.

Eins og áður segir komu nýjar hugmyndir til Íslands í gegnum Danmörku. Sjálfstæðisbaráttan hófst sem hluti af þjóðfélagslegum hræringum í allri Evrópu meðal íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn, og voru þeir undir miklum áhrifum rómantískra og þjóðernissinnaðra strauma, eins og nú verður rætt nánar um.

⁷² Sbr. bls. 8 þessarar ritgerðar.

⁷³ Guðmundur Hálfðanarson 2001a:80-81.

⁷⁴ Jón R. Hjálmarsson 2009:97.

⁷⁵ Sama heimild, bls. 102.

4.1 Náttúrulegt eðli þjóðar - þýsk þjóðernishyggja

Á 18. öld var frönsk menning ráðandi í Evrópu, enda var upplýsinging upprunnin í Frakklandi. Franskan naut mikillar virðingar hjá yfirstéttinni,⁷⁶ sérstaklega í Þýskalandi en einnig í Svíþjóð. Gegn þessari yfirburðastöðu frönskunnar og hugmyndum upplýsingarinnar kom fram þýski heimspekingurinn Johann Gottfried von Herder (1744 – 1803) sem lagði hugmyndafræðilegan grundvöll að menningarlegri þjóðernishyggju 19. aldar.

Að mati Herders mótast mannkynið af þeirri náttúru sem það lifir í nánu sambandi við. Náttúran skiptir mannkyninu í fjölskyldur sem eru grundvallareiningar samfélagsins sem allt annað byggir á. Ólíkar náttúrulegar aðstæður hafi áhrif á eðli einstaklinga⁷⁷ og móti einnig ólík þjóðareðli (þ. *Nationalcharakter*) og ólíka menningu sem sjáist í muninum á goðafræði frá ýmsum heimshornum. Tungumálið gegnir mikilvægu hlutverki í heimspeki Herders; það er lykillinn að skynsemi og einnig að sjálfsskilningi mannsins.⁷⁸ Líkt og þjóðin (þ. *Volk*) sjálf er tungumálið einnig mótað af því umhverfi sem þjóðin lifir í.⁷⁹ Það varðveitir menningararf þjóðarinnar og miðlar honum á milli kynslóða. Móðurmálið sé barni gefið með móðurmjólkinni og með því einnig sálin og hugsunarháttur foreldranna sem þá verður að hugsunarhætti barnsins og óaðskiljanlegur hluti lífs þess. Allt þetta gerir sérhverja þjóð að menningarlega einstakri heild. Þjóðin, sem er þá hópur manna með sama þjóðareðli og sömu menningu, er þannig eðlilegasta ríkisformið að mati Herders. Hann gagnrýnir „óeðlilega stækkun ríkja, villta blöndun mannatægunda og þjóða undir einum veldissprota“⁸⁰ sem hafna náttúrulegu eðli sérhverrar þjóðar.

Í sama streng tekur samlandi hans Johann Gottlieb Fichte (1762 – 1814) nokkrum árum seinna í bók sinni *Reden an die deutsche Nation* (1808). Samkvæmt kenningum hans eru þjóðir myndaðar „af miklu hærra náttúrulegumáli“⁸¹ og bundnar saman í eina óaðskiljanlega heild meðal annars með tungumáli sem gerir fólki kleift að

⁷⁶ Sbr. Guðmundur Hálfðanarson 2001c.

⁷⁷ Sbr. Herder 1965:201ff; 6. bók ritsins *Ideen zur Philosophie der Geschichte der Menschheit* fjallar um eðli ólíkra þjóða í ólíkum heimshornum.

⁷⁸ Sbr. Guðmundur Hálfðanarson 2001a:19.

⁷⁹ Herder 1978:206.

⁸⁰ Herder 1965:368, eigin þýðing, þ. „die unnatürliche Vergrößerung der Staaten, die wilde Vermischung der Menschengattungen und Nationen unter einen Zepter.“

⁸¹ Fichte 1845/1846:460, eigin þýðing, þ. „weil sie schon früher durch ein weit höheres Naturgesetz ein Volk waren.“

skilja hvert annað. Þar sem þjóðir mynda slíkar náttúrulegar einingar heldur Fichte – í samræmi við Herder – að „hin fyrstu, upprunalegu og raunverulega náttúrulegu mörk ríkja eru án efa innri mörk þeirra“⁸², þ.e.a.s. mörk sem afmarka þjóðir. Báðir þýsku heimspekingarnir tjá þannig hugmyndina sem nú er skilgreind sem kjarni þjóðernishyggju, þ.e. að mörk þjóða eða menningarsamfélaga og ríkja ættu að falla saman þar sem það sé hið eðlilega skipulag.

Herder birti verk sín sem „andóf gegn hugmyndum upplýsingarinnar um að til væru altæk lögumál um skipan mannlegs samfélags.“⁸³ Hann vildi leggja áherslu sérstöðu hverrar menningar (og þar með þjóðar) og hvetja Þjóðverja til að bera virðingu fyrir eigin tungumáli⁸⁴ en taldi allar þjóðir jafngildar og muninn á milli þeirra einungis „litbrigði í sama stóra málverkinu.“⁸⁵ Samkvæmt Fichte voru þó sumar þjóðir hafnar yfir aðrar. Hann færir rök fyrir forystustöðu Þjóðverja, en nauðsynlegt er að sjá verk hans í sögulegu samhengi við samtíma hans og í ljósi Napóleon-stríðanna. Tungumálið fær aftur mikilvægt hlutverk, enda skrifaði Fichte að það sé frekar tungumálið sem myndar menn og þjóðir, ekki öfugt, þar sem tungumálið sé manni gefið af náttúrunnar hendi.⁸⁶ Þjóðverjar séu eina germanska þjóðin sem enn tali sitt upprunalega, náttúrulega tungumál og sé því lifandi tunga. Tungumál annarra germanskra þjóða „bærist á yfirborði, en er dautt tungumál í rötum sínum“⁸⁷ vegna áhrifa frá öðrum málum. Rómönsk tungumál sem spruttu af latínu taldi hann vera dauð. Fichte setti þannig þjóð og tungumál í nán tengsl. Staða tungumáls verður þannig að mælikvarða um gildi þjóðarinnar – bara þær sem tala upprunaleg og þar með lifandi tungumál séu raunverulegar þjóðir.⁸⁸ Áhersla er þannig lögð á málsögu og hreinleika tungumáls.

Sú hugmynd að þjóðin sé náttúrulegt fyrirbæri og þjóðernið manni gefið náðu fótfestu á meðal Íslendinga. Guðmundur Hálfðanarson bendir á breytingu í hugsunarhætti sem varð í byrjun 19. aldar: Íslendingar fóru að sjá erlenda stjórn sem orsök hnignunar á Íslandi.⁸⁹ Þessa breytingu má einmitt leiða af hugmyndum Herders um

⁸² Sama heimild, bls. 460, eigin þýðing, þ. „die ersten, ursprünglichen und wahrhaft natürlichen Grenzen der Staaten sind ohne Zweifel ihre inneren Grenzen.“

⁸³ Guðmundur Hálfðanarson 2001a:19.

⁸⁴ Sbr. ljóðið *An die Deutschen* í Guðmundi Hálfðanarsyni 2001a:21.

⁸⁵ Herder 1965:251, eigin þýðing, þ. „alles nur Schattierung eines und desselben großen Gemäldes.“

⁸⁶ Sbr. Fichte 1845/1846:314.

⁸⁷ Fichte 1845/1846:325, eigin þýðing, þ. „eine nur auf der Oberfläche sich regende, in der Wurzel aber todte Sprache.“

⁸⁸ Sbr. Guðmundur Hálfðanarson 2003:193.

⁸⁹ Guðmundur Hálfðanarson 2001b:4.

sjálfstjórn sem náttúrulega skipulagningu þjóða sem hægt er að finna í orðræðu Íslendinga um endurreisn Alþingis á 4. áratug 19. aldar. Helstu rök sem færð voru fram fyrir eigin ráðgjafarþingi voru meðal annars fjarlægðin frá Danmörku og skortur á þekkingu Dana á íslenskum málefnum og þar af leiðandi vanrækslu landsins.⁹⁰ Í greininni *Um alþing á Íslandi* (1841) minnst Jón Sigurðsson (1811 – 1879) á mismun á eðli landanna og þjóðanna tveggja, og segir á að „veraldrsagan ber[í] ljóst vitni þess, að hverri þjóð hefir þá vegnað bezt þegar hún hefi sjálf hugsað um stjórn sína.“⁹¹ Hugmyndir í anda Herders koma í ljós þegar hann lýsir dönsku stjórninni sem ónáttúrulegri og varar við því að yfirráð einnar þjóðar yfir annarri hafi einungis tvær mögulegar útkomur: annaðhvort aðlagast lakari þjóðin, þ.e. „afneita[r] náttúru sjálfrar sín eða hún verður að taka manndóm til sín og framfylgja rétti sínum,”⁹² þ.e. að stjórna sjálfri sér sem þá væri náttúruleg stjórn.

Skýrar hliðstæður má einnig finna í viðhorfi til tungumálsins. Á það var litið sem „óskabarn mannlegs anda.“⁹³ Tungumálið tengist sálarlífi hvers einstaklings líka og það „lýsir hugsunum þjóðarinnar og allri hinni andligu framkvæmd sem er undirstaða og undirbúningur ennar líkamligu.“⁹⁴ Í ávarpi til lesenda í fyrstu tölublaði *Fjölnis* skrifar Tómas Sæmundsson (1807 – 1841) að „málið er eitt af einkennum mannkynsins, og æðsti og líósasti vottur um ágæti þess, og málin eru höfudeinkenni þjóðanna. Eíngin þjóð verður fyrri til enn hún talar mál útaf fyrir sig.“⁹⁵ Í ótal ritum frá tíma sjálfstæðisbaráttunnar bergmálar að „þjóðerni vort . . . er fólgið í málinu“⁹⁶ og „í málinu má að miklu leyti lesa sögu hverrar þjóðar.“⁹⁷ Tungumálið sem ein af helstu forsendum þjóðernis er þannig einnig samofið fortíð þjóðar. Guðmundur Björnsson (1864 – 1937) nefnir í ritgerðinni sinni tvískiptingu þjóðararfs sem Íslendingar fengu frá forfeðrum sínum og sem þeir verða að skila komandi kynslóðum: „Landið – það er föðurarfur þjóðarinnar; málið er móðurarfurinn.“⁹⁸ Tungumálið er þannig ekki einungis

⁹⁰ Þessa rökfærslu má finna hjá Jóni Sigurðssyni í greininni *Um alþing á Íslandi*, en eins og Ragnheiður Kristjánsdóttir tekur fram (1996:148-149) færir Baldvin Einarsson svipuð rök í bæklingi *Om de danske Provindsialstænder med specielt Hensyn paa Island* sem birtist árið 1832.

⁹¹ [Jón] S[igurðsson] 1841:90.

⁹² Sama heimild, bls. 95.

⁹³ [Konráð Gíslason] 1844:74.

⁹⁴ [Jón Sigurðsson] 1842:64.

⁹⁵ [Tómas Sæmundsson] 1835:11.

⁹⁶ [Konráð Gíslason] 1844:73.

⁹⁷ S[igurður L.] J[ónasson] 1863:74.

⁹⁸ Guðmundur Björnsson 1908:24.

sameiningartákn fyrir hina lifandi kynslóð, forsenda sem afmarkar alla þá sem tala íslensku sem eina heild – þjóðina, heldur tengir það nútímakynslóðina við alla forfeður og þar með fortíðina. Hér er þó ekki einungis um að ræða tengingu við hugsunarhátt forfeðranna og þar með náttúrulegt eðli þjóðar í menningarlegum skilningi Herders, heldur einnig um tengingu við fortíðina í sögulegum skilningi.

4.2 Hin forna frægð – hugsjón gullaldarinnar

Að líta á þjóðir sem náttúrulegt fyrirbæri felur í sér tilveru þjóðar í sögunni, og sagan er nauðsynleg til þess að staðfesta tilveru hennar. Þjóðin þarf að finna sér „hetjulega fortíð“⁹⁹ sem sýnir reisu hennar, einhvers konar gullöld.¹⁰⁰ Anthony D. Smith telur upp ýmis hlutverk gullaldarinnar við mótun þjóða: hún sannar að þjóðin er ósvikin (e. *authentic*), sýnir hið sanna sjálf hennar, tengir þjóðina við fyrri kynslóðir – sérstaklega kynslóð gullaldarhetjanna, og veitir henni „sameiginlega reisu“ (e. *collective dignity*), en bendir einnig til glæsilegrar fortíðar. Frá sjónarhorni þjóðernishyggju skiptist þjóðarsagan í þrjú tímaseið þar sem gullöldinni fylgja niðurlægningartímabil og endurreisnartímabil.¹⁰¹ Hlutverk þjóðernishyggju er þá að endurreisa forna frægð þjóðarinnar og binda enda á niðurlægningartímabilið sem einkennist oft af hnignun landsins og kúgun þjóðarinnar undir erlendu valdi. Í þessu sambandi eru myndhvörf um svefn algeng í orðræðu þjóðernishyggju. Þjóðin var sofandi undir stjórn kúgara en vaknar aftur og hefur baráttu sína fyrir frelsi.¹⁰² Til þess að geta byggt framtíðina á fortíðinni er nauðsynlegt að þjóðin eigi sér sameiginlegt minni (e. *collective memory*) sem sameini þjóðina annars vegar, en þarf hins vegar að útrýma öllu sem gæti sundrað henni. Þannig eru sum atriði í sögu þjóðarinnar gleymd eða fölsuð þannig að til verða sögulegar goðsagnir.¹⁰³ Sem slíka goðsögn má sjá frásögnina um landnám Íslands. Því hefur oft verið lýst sem flótta undan ofríki Haralds konungs hárfagra og leit landnámsmanna að frelsi þó að sögulegar

⁹⁹ Renan 1994:17, eigin þýðing, e. „a heroic past.“

¹⁰⁰ Sbr. Smith 1997:36.

¹⁰¹ Sbr. Sigríður Matthíasdóttir 2003:120.

¹⁰² Sbr. t.d. hjá Jóni Sigurðssyni 1841:77 „um allan þennan tíma sváfu þjóðirnar vært í skauti konunga sinna.“ Sömu myndhvörf má einnig finna í orðræðu slóvakískrar sjálfstæðisbaráttu: árið 1844 samdi skáldið Janko Matúška kvæði sem varð seinna að þjóðsöng Slóvakíu. Annað erindi byrjar með orðunum: „Slóvakía okkar var hingað til í fastasvefni“ og heldur áfram í þriðja erindi með „nú er Slóvakía að vakna og rífa sundur fjötrana sína“, eigin þýðing, sl. „To Slovensko naše dosiaľ tvrdo spalo . . . už Slovensko vstáva, putá si strháva.“

¹⁰³ Sbr. t.d. Guðmundur Hálfðanarson 2001a :18 og 176-179 og Kolbeinn Óttarsson Proppé 2003:152.

rannsóknir hafa sýnt að það var að mestu leyti hluti af víkingaferðum á 9. öld.¹⁰⁴ Goðsögnina má rekja aftur til Arngríms Jónssonar og er hún hefðbundin túlkun á riti hans *Crymogæa*¹⁰⁵ sem hefur löngum verið lifandi í hugum Íslendinga.

Gullöld Íslendinga varð tímabil þjóðveldisaldar (930 – 1262/64) þegar þjóðin var frjáls og heyrði ekki undir neinn konung. Gjarnan er litið á samfélag þjóðveldisaldarinnar sem einhvers konar lýðveldi og á tímabilið sem mikið blómaskeið. Þessi skoðun nær einnig aftur til Arngríms og hefðbundna túlkun á fræðiriti hans. Þjóðveldisöldin uppfyllti skilyrði fyrirmyndar og samsvaraði tilgangi þjóðernishyggju og sjálfstæðisbaráttu á margvíslegan hátt. Fyrst og fremst var hægt að vísa til hennar sem tímabils frelsis og sjálfstjórnar sem var sérstaklega mikilvægt í umræðu um endurreisn Alþingis. Ekki kemur í þessu sambandi á óvart krafa Fjölnismanna og fylgismanna þeirra um staðsetningu Alþingis á Þingvöllum¹⁰⁶ þar sem það hafði komið saman frá stofnun þess árið 930 fram að 1800 þegar það var lagt niður. „Alþing og Þingvellir er so samgróid í hugum manna, að það verður varla að skilið,“¹⁰⁷ skrifaði Tómas Sæmundsson sem barðist mikið fyrir endurreisn Alþingis á sínum forna stað. Hann heldur áfram að „allt sem ekki á skilt við hið forna þingið, verður þjóð vorri eins og útlent og fjarstætt, og sætir ekki afskiptum hennar nje athigli, samsvarar ekki gjeði hennar.“¹⁰⁸ Hér bergmálar ekki einungis hugsjón gullaldarinnar og hlutverk Þingvalla sem staðar minninga (fr. *lieux de mémoire*)¹⁰⁹ sem sameinar þjóðina, heldur einnig hugmyndafræði Herders um að einungis það sem er þjóðinni eiginlegt samsvari eðli hennar.

Annað atriði sem tengir þjóðveldisöldina við gullaldarhugmyndina er ritun miðaldabókmennta sem hófst eftir kristnitöku. Íslendingar settu á skinn ýmis verk, meðal

¹⁰⁴ Byock 2001:7.

¹⁰⁵ Sbr. Gottskálf Þór Jenson (2003) og kafla 3.2 ritgerðarinnar. Gottskálf færir rök fyrir því að tilgangur Arngríms hafi ekki verið þjóðernissinnaður. Í þessu samhengi er þó túlkunin – óháð því hve rétt eða röng hún er – mikilvægari þar sem það er goðsögnin sem skiptir miklu máli fyrir mótun þjóðernis, ekki sannleikurinn bak við.

¹⁰⁶ Hér er mikilvægt að benda á að sjálfstæðishreyfing Íslendinga klofnaði í tvennt í skoðunum um Alþingi; ekki allir voru sammála Fjölnismönnum. Jón Sigurðsson lagðist gegn hugmyndinni að endurreisa miðalda Alþingi á Þingvöllum. Hann vildi heldur byggja nýtt Alþingi á nútíma hugmyndum og gagnrýndi viðhorf sem stefndu að mótun nútíma ríkis eftir fornum fyrirmyndum (sbr. Guðmundur Hálfðanarson 2001a:84-85).

¹⁰⁷ [Tómas Sæmundsson] 1841:93.

¹⁰⁸ Sama heimild, bls. 94.

¹⁰⁹ Með hugtakinu *lieux de mémoire*, sem kemur frá franska sagnfræðingnum Pierre Nora, er átt við stað með sérstaka sögulega merkingu fyrir þjóðina sem getur orðið að þjóðartákni. Í þessari ritgerð verður ekki farið dýpra inn í þetta atriði, en hægt er að nálgast frekari upplýsingar um efnið í verkum Guðmundar Hálfðanarsonar, t.d. í 8. kafla *Íslensks þjóðríkis* o.fl. ritum.

annars sögur um konunga á Norðurlöndum, Íslendingasögur og þeir varðveittu einnig gömlu norrænu goðafræðina. Talið er að helstu verkin hafi verið rituð á 12. og 13. öld þó að sagnaritun héldi einnig áfram eftir fall Þjóðveldisins.¹¹⁰ Íslendingasögur fjalla beinlínis um landnámsöldina og um fyrri hluta Þjóðveldisaldar og bera þannig vott um frelsi Þjóðarinnar. Einnig voru sögurnar sú grein íslenskra bókmennta sem var mest metin í útlöndum, þannig að gildi þeirra var viðurkennt bæði innanlands og erlendis. Í þessu sambandi er mikilvægt að taka fram að þær voru ritaðar á forníslensku, þ.e.a.s. á innlendu máli, sem var undantekning á tímum yfirburðastöðu latínunnar. Þegar Arngrímur lærði upphóf íslensku til forn máls setti hann málið í fornbókmenntum sem fyrirmynd, enda reyndi hann að sanna gildi íslenskra fornrita og menntunar. Eftir að rit Arngríms birtust voru allar tilraunir á síðari öldum til að hreinsa íslenskuna gerðar miðað við forn málið. Þannig varð gullöldin í sögulegum og menningarlegum skilningi yfirfærð á tungumálið, þ.e.a.s. hún varð einnig að gullöld tungumálsins. Til þess að skilja til hlítar ástæðu þessarar ofuráherslu á tungumálið er þó nauðsynlegt að líta einnig á önnur atriði sem koma við sögu, þ.e.a.s. viðtökur íslenskra fornbókmennta í útlöndum, rómantísku stefnuna og hugsjónir hennar.

4.3 Þjóðarandinn og Þjóðhetjur - rómantíkin

Í lok 18. aldar og á fyrri hluta 19. aldar var rómantísk stefna ráðandi innan bókmennta og lista. Stefnan myndaðist sem andóf gegn rökhyggju og menntun upplýsingarinnar og tók mið af náttúru og tilfinningum; hugsjónin var hinn skapandi snillingur og hið upprunalega sem fólst í Þjóðmenningu. Menn leituðu fyrirmyndar í miðaldamenningu og öllu Þjóðlegu. Á þessu tímabili byrjaði t.d. söfnun ævintýra og Þjóðsagna á borð við þýsk Grimmsævintýri, norsk ævintýri Asbjørnsens eða slóvakískar Þjóðsögur Dobšinskýs. Mikil áhrif víða um Evrópu höfðu Ossían-kvæði (1760) sem voru metin sem upprunaleg skosk Þjóðkvæði (þó að síðar hafi komið í ljós að þau voru frumsamin af James Macpherson útgefanda þeirra).¹¹¹ Á Norðurlöndum lék norræn goðafræði sérstaklega mikilvægt hlutverk í rómantískum bókmenntum en einnig fyrir sjálfsmynd Þjóðanna. Rómantísk skáld gripu til mótífa og persóna úr goðafræðinni – í Danmörku voru það aðallega Oehlenschläger og Grundtvig, í Svíþjóð má nefna Esaias

¹¹⁰ Vésteinn Ólason 1998:44ff.

¹¹¹ Arnold 2011:92.

Tegnér og Erik Gustaf Geijer sem ásamt öðrum skáldum stofnuðu *Götiska förbundet* (1811) og birtu tímaritið *Iduna*.¹¹² Rómantíska stefnan, eins og margar aðrar hugmyndafræðilegar stefnur, barst til Íslands í gegnum Kaupmannahöfn og hafði þá mikil áhrif fyrirlestrar sem Henrik Steffens heimspekingur hélt um rómantísku stefnuna árin 1802 – 1803.¹¹³ Íslensk skáld, jafnt og samtímamenn þeirra í Danmörku og Svíþjóð, tóku upp norræn mótíf og einnig forna bragarhætti í ljóðum sínum.¹¹⁴ Auk goðafræðinnar leituðu íslensk skáld sér einnig innblásturs í Íslendingasögum sem báru enn frekar vitni um forna frægð lands og þjóðar. Sögupersónur á borð við Gunnar á Hlíðarenda og Njál voru álitnar þjóðhetjur. Í þessu sambandi má sérstaklega minna á frægustu ljóð Jónasar Hallgrímssonar (1807 – 1845), *Ísland* (1835) og *Gunnarsbólma* (1838), þar sem skáldið vegsamar samfélag þjóðveldisaldar. Ljóðið *Ísland*, sem birtist fremst í fyrsta árgangi *Fjölmis*, hvetur Íslendinga til að endurreisa forna „feðranna frægð.“¹¹⁵ Í *Gunnarsbólma* er dregin upp þjóðernissinnuð túlkun á því að Gunnar á Hlíðarenda fór ekki í útlegð: „því Gunnar vildi heldur bíða hel /en horfinn vera fósturjarðar ströndum.“¹¹⁶ Gunnari er lýst sem þjóðhetju sem á að vera fyrirmynd fyrir samtímamenn Jónasar.

Í þessu sambandi er mikilvægt að benda á þá stöðu sem íslensk fornrit höfðu meðal menntamanna. Þau varðveittu flestar upplýsingar um miðaldir á Norðurlöndum og reyndust mikilvæg fyrir sagnaritara á Norðurlöndum, sérstaklega í Danmörku og Svíþjóð. Áhugi þeirra á handritunum náði aftur til síðari hluta 17. aldar, sem einkenndist af fjandskap á milli þessara tveggja ríkja. Fræðimenn í báðum löndum reyndu að sanna glæsilega fortíð lands þeirra og yfirburði hvors yfir aðra og leituðu að upplýsingum og sönnunum einmitt í íslensku handritum sem varðveittu meðal annars sögur um konunga og hetjur Norðurlanda.¹¹⁷ Þar sem Íslendingar gátu lesið textana án erfiðleika reyndust þeir mikilvægir sem aðstoðarmenn við þýðingar og margir þeirra, meðal annars Árni Magnússon (1663 – 1730), störfuðu fyrir Dani eða Svía.¹¹⁸ Eins og áður var bent á framkallaði rómantíkin nýja bylgju áhuga á íslenskum miðaldabókmenntum sem leiddi til

¹¹² Sbr. Sveinn Yngvi Egilsson 2008:104 og Wallestte 2008:223.

¹¹³ Sveinn Yngvi Egilsson 2004:109.

¹¹⁴ Ítarlega greiningu á notkun norrænnar goðafræði og mótífa í ljóðum íslenskra skálda má finna hjá Sveini Yngva Egilssyni 2008:103ff.

¹¹⁵ [Jónas Hallgrímsson] 1835:22.

¹¹⁶ [Jónas] H[allgrímsson] 1838:33.

¹¹⁷ Sbr. Arnold 2011:78-79 og Gunnar Karlsson 1995:43.

¹¹⁸ Sbr. Arnold 2011:85.

Þess að farið var að þýða íslensk fornrit og gefa út á Norðurlöndum á ný.¹¹⁹ Íslenskar miðaldabókmenntir nutu þannig mikillar virðingar í útlöndum í nokkrar aldir. Karen Oslund bendir á að þær voru í brennidepli menntamanna sem komu til landsins á 19. öld og var Ísland talið vera „dularfullur staður uppruna.“¹²⁰ Það er í sambandi við þennan bókmenntalega arf sem tungumálið kemur aftur inn í myndina.

4.4 „Fellur málið og þjóðin hvort með öðru“¹²¹

Það voru ekki einungis handritin og bókmenntalegur arfur sem veittu Íslandi og Íslendingum menningarlega sérstöðu á Norðurlöndum, heldur einnig tungumálið. Lengi ríkti sú skoðun að nútíma íslenska sé sama tungumál og hin forna norræna, frummál Norðurlanda. Viðhorf þetta kom þegar fram hjá Arngrími Jónssyni í byrjun 17. aldar, og staðfestist það af danska málfræðingnum Rasmusi Christiani Rask (1787 – 1832) tveimur öldum seinna. Rask rannsakaði skyldleika indóevrópskra tungumála og hafði sérstakan áhuga á forníslensku. Árið 1811 birti hann fyrstu skipulögðu málfræðibókina um forníslensku *Vejleidning til det islandske eller gamle nordiske sprog* og árið 1818 var gefin út ritgerðin *Undersøgelse om det Gamle Nordiske eller Islandske Sprogs Oprindelse*.¹²² Eins og titlarnir gefa til kynna gerði Rask engan stóran greinarmun á milli nútímamáls og forn máls. Þar sem breytingar sem urðu í íslenskunni voru yfirleitt hljóðfræðilegs eðlis komu þær ekki fram í ritmáli og rituðum heimildum. Auðvelt var að draga þá ályktun að Íslendingar töluðu enn forn málið, enda gerðu málfræðingar í byrjun 19. aldar sér ekki grein fyrir hljóðönnum (e. *phoneme*) heldur skoðuðu frekar bókstafi.¹²³ Rask lagði íslensku að jöfnu við norrænu og taldi hana „mód[u]r allra tungumála á Norðurlöndum.“¹²⁴ Sérstaklega ef við íhugum hve mikilvæg íslensk handrit urðu fyrir erlenda menntamenn verður auðskiljanlegt hvers vegna tungumálið fékk slíka stöðu í sjálfsmynd Íslendinga. Árið 1816 skrifaði Rask að „sérhver íslenzkur maður, sem ekki er öldungis ókunnugur í heiminum, mun viðurkenna, að gamla Norrænan sé sú helzta undirrot Íslands sóma“ og benti á að án bókmennta og tungumáls „mundi varla nokkur maður í framandi löndum

¹¹⁹ Sbr. Walette 2008:225.

¹²⁰ Oslund 2011:129, eigin þýðing, e. „a mysterious place of origins.“

¹²¹ [Þórður Jónasson] 1847:50.

¹²² Guðrún Þórhallsdóttir 2012.

¹²³ Sama heimild.

¹²⁴ Rask 1867:62.

þekkja þjóð eða land, né heldur forvitnast þar um, frammar en um aðra villiþjóð eður eyðumörk.¹²⁵ Hann lýsir þannig tungumálinu og bókmenntunum sem því grundvallaratriði sem gerir Íslendinga að menningarþjóð og einnig því eina sem gerir þá sérstaka í augum annarra þjóða.

Hugmyndin um að tungumálið sé „dýrmætur fjársjóður“¹²⁶ þróaðist í stöðugri víxlverkun milli Íslands og útlanda. Íslenskar ritaðar heimildir efldu þróun þjóðernisvitundar á hinum Norðurlöndunum með því að veita þeim innsýn í fortíð þeirra, og erlendur áhugi og virðing efldu á hinn bóginn þjóðernisvitund Íslendinga. Oslund bendir á að viðhorf Norðurlandabúa til Íslands og íslenskunnar hafi mótað umræður um málstjórn á Norðurlöndum. Hin hreina frumtungu sem varðveittist á Íslandi vegna einangrunar og menningarlegrar einsleitni varð að hugsjón fyrir hin norðurlandamálin.¹²⁷ Reynt var að nálgast hana og losa sig við erlend áhrif, enda vildi rómantíkin snúa aftur til hins upprunalega, hins þjóðlega. Hreitungustefna var t.d. ráðandi í Svíþjóð¹²⁸ þar sem Tegnér hrósaði sænskunni sem „tungumál[i] heiðurs og hetjanna“ og hvatti til að „þvo [af því] hinn framandi farða.“¹²⁹

Norræni arfurinn og tungumálið voru þannig álitin mikilvægasta framlag Íslands til alþjóðlegrar menningar. Viðhorf útlendinga hafði óneitanlega áhrif á skoðanir Íslendinga þegar að tungumálinu kemur. „Sproget er netop det eneste som giver oss en Smule Vigtighet i Danmark,“ skrifaði skáldið Bjarni Thorarensen árið 1831¹³⁰ og tekur Þórður Jónasson í sama streng: „mál vort er það helsta sem vér eigum oss til ágætis og sem hefur haldið uppi nafni þjóðarinnar meðal annarra þjóða.“¹³¹ Úr ótal áttum bergmálar að tungumálið sé „hið seinasta hnoss“¹³² Íslendinga. Þetta mikilvægi Íslands vegna tungumálsins tengist auðvitað fornbókmenntunum og því órofa samhengi sem íslenskan varðveitti í ritmáli. Krafan um viðhald þessa samhengis fékk þannig aukið vægi. Þó að íslenskir menntamenn hafa boðað hreitungustefnu frá 17. öld, varð hvatningin á tíma sjálfstæðisbaráttunnar sterkari en nokkru sinni fyrr. Í fyrsta árgangi *Fjölnis* birtust helstu markmið tímaritsins og eitt þeirra var málrækt: málið átti að vera „so hreint og

¹²⁵ Rask 1867:62.

¹²⁶ [Tómas Sæmundsson] 1835:11.

¹²⁷ Oslund 2011:130-131.

¹²⁸ Sbr. Oakes 2001:67.

¹²⁹ Tegnér 1817, eigin þýðing, sæn. „Ärans och hjältarnas språk!“ . . . „tvätta det främmande smink.“

¹³⁰ Bjarni Thorarensen 1843:94.

¹³¹ [Þórður Jónasson] 1847:50.

¹³² S[igurður L.] J[ónasson] 1863:74.

óblandað einsog orðið getur, bæði að orðum og orðaskipun.¹³³ Málhreinsun fór einnig fram í öðrum löndum, til dæmis í Svíþjóð, og var þar í samræmi við hugsjónir rómantíkurinnar um afturhvarf til hins upprunalega og þjóðlega. Á Íslandi tengdist hún sjálfstæðisbaráttu á áberandi hátt og hafði mikilvæga pólitíska vídd. Hrein íslenska sem var í nánnum tengslum við fornmálið studdi ekki einungis við kröfu Íslendinga um sjálfstjórn, heldur tengdist hún einnig örlögum landsins. Álitid var að ástand tungumáls endurspegladi ástand þjóðarinnar: „þegar málið er í blóma, má ganga að því vísu að þjóðin sé það líka, en á hinn bóginn er það eins víst, að þegar málið er komið í ótröð, þá á þjóðin ekki langt eftir,“ skrifaði Sigurður L. Jónasson (1827 – 1908).¹³⁴ Tómas Sæmundsson áleit að „deyi málin deya líka þjóðirnar, eða verða að annari þjóð,“¹³⁵ og Jón Sigurðsson, sem sjálfur var málfræðingur, benti á að „það er sannreynt í allri veraldarsögunni, að með hnignun málsins hefir þjóðunum hnignað, og viðrétting þess eða endursköpun hefir fylgt eða öllu heldur gengið á undan, viðréttingu eða endursköpun þjóðanna.“¹³⁶ Sama hugmynd um „að hnignun móðurmálsins hefir jafnan verið samfara afturför þjóðarinnar sjálfar,“ sem þá staðfestist af bæði veraldarsögunni og sérstaklega Íslandssögunni, má finna hjá Jóni Guðmundssyni alþingismanni í grein frá árinu 1849¹³⁷ og einnig í mörgum öðrum greinum Íslendinga frá þessu tímabili.

¹³³ [Tómas Sæmundsson] 1835:11.

¹³⁴ S[igurður L.] J[ónasson] 1863:74.

¹³⁵ Tómas Sæmundsson 1835:11.

¹³⁶ Jón Sigurðsson 1842:64.

¹³⁷ Jón Guðmundsson 1849:69.

V. Niðurstaða

Í þessari ritgerð var reynt að komast að því hvernig íslensk þjóðernisvitund mótaðist og hvernig tungumálið öðlaðist svo mikilvægt hlutverk sem raun ber vitni. Á grundvelli kenninga sem kynntar voru í öðrum kafla má skilgreina íslensku þjóðina sem menningarþjóð, þar sem við mótnun hennar var áhersla fyrst og fremst lögð á sameiginlegan uppruna, menningu og tungumálið. Þó að hugtakið *þjóð* hafi vissulega einnig verið til á miðöldum, skorti það þá pólitísku vídd sem það hefur í dag. Þannig lýsti það frekar hópsjálfsmynd en þjóðernisvitund. Íslenskur uppruni var vissulega hluti af sjálfsmynd Íslendinga í samskiptum við útlent fólk, en bar að skilja sem ættjarðarást frekar en einhvers konar þjóðernishyggju. Þjóðernisvitund í nútíma skilningi mótaðist í kjölfar sjálfstæðisbaráttu undir áhrifum evrópskra stjórnmalahreyfinga og menningarstrauma, þar sem sérstaklega þýsk menningarleg þjóðernishyggja og rómantíkin settu mark sitt á hana.

Segja má að viðhorf Íslendinga til þjóðernis eigi upptök sín í hugmyndafræði þýsku heimspekinganna Herders og Fichte, sem voru þeirrar skoðunar að þjóðir séu náttúrulegt fyrirbæri og þjóðerni þannig manni gefið. Tungumálið, sem geymdi og miðlaði menningu þjóðarinnar, var álitid vera eitt helsta einkenni þjóðernis. Samkvæmt Fichte gegndu þar að auki hreinleiki tungumálsins og málsaga mikilvægu hlutverki þar sem þau sönnuðu að þjóðin var lifandi og í tengslum við rætur sínar. Menningarleg þjóðernishyggja var í nánú sambandi við rómantíkina og þær örvuðu hvor aðra, engu að síður er oft einnig talað um rómantíska þjóðernishyggju (e. *romantic nationalism*). Öll þessi atriði má finna víða í íslenskri orðræðu, eins og sýnt hefur verið á mörgum dæmum í ritum frá tímum sjálfstæðisbaráttunnar. Sem dæmi má vitna í orð Sigurðar Melsteds þingmanns sem árið 1845 skrifaði að:

andi þjóðanna felst í ritum þeirra, í þeim geymist og málið hreint og ómeingað . . . þessvegna verður það hverri þjóð fyrst fyrir, sem vaknar til meðvitundar og fer að hugsa um þjóðarhag sinn og þjóðerni, að leggja alla stund á að laga mál sitt, og gjöra það sem þjóðlegast, og leitar hún þá, einsog nærri má geta, til fornaldarinnar, eður þeirra tíma æfi sinnar þegar málið stóð í mestum blóma, og tekur þá til fyrirmyndar.¹³⁸

¹³⁸ [Sigurður] M[elsted] 1845:10.

Hér bergmálar það viðhorf að tungumálið sé forsenda þjóðernisvitundar og að þjóðir beri að skilgreina á menningarlegum grundvelli. Það er samofið rómantískum hugmyndum um sannar rætur þjóða sem felst í þjóðlegum arfi, líkt og hugsjónum um glæsilega gullöld í fortíðinni sem þjóðin á að taka sér til fyrirmyndar þegar hún vaknar af sínum andlega svefni og mótar framtíð sína. Gullöldin er mikilvægur viðmiðunarpunktur við mótun þjóðar. Hún gegnir sameinandi hlutverki með því að vísa í fortíðina og veita þjóðinni fyrirmynd sem hægt er að líta upp til. Þjóðveldisöldinni hafði þá þegar verið lýst sem blómaskeiði í sögu Íslands af Arngrími Jónssyni þannig að menn á 19. öld gátu byggt á þessari undirstöðu. Á tímum sjálfstæðisbaráttunnar samsvaraði hún hugsjóninni um frelsi og sjálfstæði og hún varð ekki einungis fyrirmynd pólitískrar viðleitni heldur einnig hreinsunar tungumálsins.

Virðing útlendinga fyrir menningarlegum arfi Íslendinga má líta á sem síðasta bitann í mósaíkmyndinni. Íslendingar nutu menningarlegrar sérstöðu í Danmörku vegna þess aðgangs sem tungumálið veitti þeim að fornbókmenntunum sem geymdu einnig fortíðarminningar Norðurlandþjóða. Með orðum Sigurðar Nordals er „aðalafrek þessarar þjóðar á síðari öldum að hafa varðveitt órofið samhengið í tungu sinni og bókmentum.“¹³⁹ Áhugi erlendra menntamanna á íslenskum fornbókmenntum og sú skoðun að íslenska sé „stofnmálið á Norðurlöndum“¹⁴⁰ eflði þjóðernisvitund Íslendinga og áherslu þeirra á tungumálið. Þannig fólst í tungumálinu ekki einungis lykill að eigin fortíð, að blómaskeiði gullaldarinnar og forsendu þjóðernisvitundar í anda menningarlegrar þjóðernishyggju, heldur einnig lykill að virðingu í útlöndum. Hreintungustefnan, sem hafði að markmiði að varðveita íslenskuna samkvæmt fornri fyrirmynd, var þannig tjáning þeirrar óskar að halda við þeim heiðri og þeim kostum sem órofið samhengið í tungumálinu veitti Íslendingum.

Eins og sjá má er hlutverk tungumáls í íslenskri sjálfsmynd marghliða og ofið úr mörgum þráðum. Ekki er alltaf hægt að einangra einstaka hugmyndir og greina þær hverja um sig þar sem þær eru í víxlverkun. Það er þó heildarmyndin sem skiptir máli fyrir sjálfsmynd einstaklinga, að fólki finnst að tungumálið sé forsenda íslenskrar þjóðernisvitundar og viðhald þess nauðsynleg fyrir tilveru þjóðarinnar.

¹³⁹ Sigurður Nordal 1926:2.

¹⁴⁰ J[ón] S[igurðsson] 1858:48.

Þrátt fyrir að tæplega tvö hundruð ár séu liðin frá því að þetta viðhorf mótaðist er það ennþá lifandi. Á mjög áberandi hátt kemur það fram í stjórn málaumræðu¹⁴¹ og á þjóðhátíðum (síðast 1994) þar sem alltaf er vísað til sömu grundvallaratriða: Þingvalla, bókmennta, sögu og tungumáls.¹⁴² Hátíðir, líkt og hefðir og notkun tákna á borð við fána, þjóðsöngva o.s.frv., eru „næring þjóðernisvitundarinnar.“¹⁴³ Þar sem hún er huglægs eðlis krefst hún stöðugs viðhalds og endurnýjunar til þess að geta gegnt hlutverki sínu að halda þjóðinni saman. Heimurinn breytist þó sífellt og hnattvæðingin endurmótar smám saman landakortið sem þjóðernishyggjan hefur skapað. Alþjóðleg samskipti og samvinna, aðild að alþjóðlegum samtökum og ekki síst fólksflutningar blanda saman þjóðum og ögra þeim hefðbundna skilningi að skipulag þeirra hafi ráðist af menningarlegum forsendum. Tungumálið hefur ennþá sterka stöðu í íslenskri þjóðernisvitund, en hnattvæðingin mun hugsanlega breyta því á næstu áratugum.

¹⁴¹ Arnar Guðmundsson 1995:121ff.

¹⁴² Kolbeinn Óttarsson Proppé 2003:157ff.

¹⁴³ Sama heimild, bls. 153.

VI. Heimildaskrá

- Ammon, Ulrich. 2004. Tungumál og þjóðarsjálfsmynd – með hliðsjón af málblöndun og hreintungustefnu. *Málstefna – Language Planning*, bls. 13-28. Ritstj. Ari Páll Kristinsson og Gauti Kristmannsson. Rit Íslenskrar málnefndar 14. Íslensk málnefnd, Reykjavík.
- Anderson, Benedict. 1983. *Imagined Communities: Reflections on the Spread of Nationalism*. Verso, London.
- Arnar Guðmundsson. 1995. Mýtan um Ísland. *Skírnir* 169 (vor):95-134.
- Arngrímur Jónsson. 1985. *Crymogæa. Þattir úr sögu Íslands*. Jakob Benediktsson þýddi og samdi inngang og skýringar. Sögufélag, Reykjavík.
- Arnold, Martin. 2011. *Thor – Myth to Marvel*. Continuum, London, New York.
- Bjarni Thorarensen. 1943. *Bréf*. Bd. I. Jón Helgason bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Byock, Jesse. 2001. *Viking Age Iceland*. Penguin Books, London.
- Davíð Logi Sigurðsson. 1998. Er íslensk þjóðerniskennd frá Oz? *Skírnir* 172 (vor):190-208.
- Dei, Fabio. 2005. Language, Culture, Identity. *Languages and Identities in Historical Perspectives*, bls. 1-11. Ritstj. Ann Katherine Isaacs. Clieh's Workshop III, Edizioni Plus Università di Pisa.
- Fichte, Johann Gottlieb. 1845-1846. Reden an die deutsche Nation. *Johann Gottlieb Fichtes sämtliche Werke*, Band 7, bls. 259-499. Útg. Immanuel Hermann Fichte. Veit und Comp., Berlin.
- Gellner, Ernest. 1983. *Nations and nationalism*. Blackwell, London.
- Gellner, Ernest. 1995. Do nations have navels? Ræða flutt á þingi The Warwick Debates on Nationalism. Warwick 24. október. Sótt 25. febrúar 2012 af <http://gellnerpage.tripod.com/Warwick2.html>.
- Gottskálf Þór Jenson. 2003. Söguleysa þjóðlegrar sagnfræði: íslenskt þjóðerni og evrópsk latínumenning. *Þjóðerni í þúsund ár?*, bls. 57-71. Ritstj. Jón Yngvi Jóhansson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

- Guðmundur Björnsson. 1908. Móðurmálið. *Skírnir* 82:19-25. Sótt 27. mars 2012 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=59&lang=is.
- Guðmundur Hálfðanarson. 2001a. *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*. Íslensk menning, Reykjavík.
- Guðmundur Hálfðanarson. 2001b. Icelandic Nationalism: A Non-Violent Paradigm? *Nations and Nationalities in Historical Perspectives*, bls. 1-14. Ritstj. Guðmundur Hálfðanarson og Ann Katherine Isaacs. Edizioni Plus, Pisa.
- Guðmundur Hálfðanarson. 2001c. Hugmyndir Herders um þjóðina og endalok menningarlegrar þjóðar. *Vísindavefurinn*. Sótt 7. mars 2012 af <http://visindavefur.is/article.php?id=38>.
- Guðmundur Hálfðanarson. 2005. From Linguistic Patriotism to Cultural Nationalism: Language and Identity in Iceland. *Languages and Identities in Historical Perspective*, bls. 55-67. Ritstj. Ann Katherine Isaacs. Edizioni Plus, Pisa.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2012. Frá Rask til ungmálfræðinga. Fyrirlestur fluttur í námskeiðinu Málbreytingar. Reykjavík 26. janúar.
- Gunnar Karlsson. 1988. Upphaf þjóðar á Íslandi. *Saga og kirkja. Afmálsrit Magnúsar Mús Lárussonar*, bls. 21-32. Sögufélag, Reykjavík.
- Gunnar Karlsson. 1995. The Emergence of Nationalism in Iceland. *Ethnicity and Nation Building in the Nordic World*, bls. 33-62. Ritstj. Sven Tägil. Hurst & Company, London.
- Gunnar Karlsson. 1999. Íslensk þjóðernisvitund á óþjóðlegum öldum. *Skírnir* 173 (vor):141-178.
- Herder, Johann Gottfried. 1965. *Ideen zur Philosophie der Geschichte der Menschheit*. Útg. Heinz Stolpe. Aufbau, Berlin und Weimar.
- Herder, Johann Gottfried. 1978. Abhandlung über den Ursprung der Sprache. *Sturm und Drang. Weltanschauliche und ästhetische Schriften*, Band 1, bls. 127-221. Útg. Peter Müller. Aufbau, Berlin und Weimar.
- Hogg, Michael A. og Dominic Abrams. 1988. *Social Identifications: A Social Psychology of Intergroup Relations and Group Processes*. Routledge, London.
- J[ón] G[uðmundsson]. 1849. Um mál vort Íslendinga. *Ný félagsrit* 9:69-85. Sótt 5. apríl 2012 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=67&lang=is.
- Jón R. Hjálmarsson. 2009. *History of Iceland: From the Settlement to the Present Day*. Forlagið, Reykjavík.

- J[ón] S[igurðsson]. 1841. Um alþing á Íslandi. *Ný félagsrit* 1:59-134. Sótt 20. mars 2012 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=67&lang=is.
- J[ón] S[igurðsson]. 1842. Um alþing. *Ný félagsrit* 2:1-66. Sótt 20. mars 2012 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=135203&lang=is.
- J[ón] S[igurðsson]. 1858. Alþing og alþingismál. *Ný félagsrit* 18:1-112. Sótt 15. apríl 2012 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=67&lang=is.
- J[ónas] Hallgrímsson. 1835. Ísland. *Fjölhir* 1:21-22. Sótt 27. mars 2012 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=61&lang=is
- J[ónas] H[allgrímsson]. 1838. Gunnarshólmi. *Fjölhir* 4:31-34. Sótt 27. mars 2012 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=61&lang=is.
- Kamenka, Eugene. 1976. Political Nationalism – the Evolution of the Idea. *Nationalism: the Nature and Evolution of an Idea*, bls. 3-20. Ritstj. Eugene Kamenka. Edward Arnold, London.
- Kjartan G. Ottósson. 1990. *Íslensk málbreinsun: Sögulegt yfirlit*. Rit Íslenskrar málnefndar 6. Íslensk málnefnd, Reykjavík.
- Kolbeinn Óttarsson Proppé. 2003. Hetjudýrkun á hátíðarstundu: Þjóðhátíðir og viðhald þjóðernisvitundar. *Þjóðerni í þúsund ár?*, bls. 151-165. Ritstj. Jón Yngvi Jóhansson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- [Konráð Gíslason]. 1844. Bókafregn. *Fjölhir* 7:71-104. Sótt 20. mars 2012 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=61&lang=is.
- Kristján Árnason. 1999. Landið, þjóðin, tungan – og fræðin. *Skírnir* 173 (haust):449-466.
- Matúška, Janko. 1844. Nad Tatrou sa blýska. Sótt 6. apríl 2012 af http://zlatyfond.sme.sk/dielo/781/Matuska_Prilezitostne/7.
- Morgan, Hiram. 2001. The Island Defenders: Humanist Patriots in Early Modern Iceland and Ireland. *Nations and Nationalities in Historical Perspectives*, bls. 223-244. Ritstj. Guðmundur Hálfðanarson og Ann Katherine Isaacs. Edizioni Plus, Pisa.
- Neumann, Iver B. 1999. *Uses of the Other. "The East" in European Identity Formation*. University of Minnesota Press, Minneapolis.
- Oakes, Leigh. 2001. *Language and National Identity: Comparing France and Sweden*. Impact, studies in language and society 13. John Benjamins Publishing Company, Amsterdam / Philadelphia.
- Oslund, Karen. 2011. *Iceland Imagined: Nature, Culture, and Storytelling in the North Atlantic*. University of Washington Press, Seattle.

- Ólafur Rastrick. 2003. Þjóðerni og sjálfsmynd: Guðmundur Hálfðanarson og Gunnar Karlsson í samtali við Ólaf Rastrick. *Þjóðerni í þúsund ár?*, bls. 237-253. Ritstj. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Páll Pétursson. 1994. Tungan gerir Íslendinga að þjóð. *Morgunblaðið*, 19. júní. Sótt 24. apríl 2012 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=58.
- Ragnheiður Kristjánsdóttir. 1996. Rætur íslenskrar þjóðernisstefnu. *Saga* 34:131-175.
- Rask, Rasmus Christian. 1867. Boðsbréf Rasks til Íslendinga og Íslands vina í Kaupmannahöfn, að halda fund og taka sig saman til að koma á fót hinu íslenska Bókmentafélagi. Kaupmannahöfn 1. Januar 1816. *Hið íslenska bókmentafélag. Stofnan félagsins og athafnir um fyrstu fimmtíu árin: 1816 – 1866*, bls. 62-65. Úrg. Jón Sigurðsson. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn. Sótt 29. mars 2012 af http://baekur.is/bok/000208944/Hid_islenska_bokmentafelag.
- Renan, Ernest. 1994. Qu'est-ce qu'une nation? *Nationalism*, bls. 17-18. Ritstj. John Hutchinson og Anthony D. Smith. Oxford University Press, Oxford, New York.
- Sigríður Matthíasdóttir. 2003. Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar. *Þjóðerni í þúsund ár?*, bls. 119-132. Ritstj. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- S[igurður L.] J[ónasson]. 1863. Um rétt íslenskrar tungu. *Ný félagsrit* 23:74-89. Sótt 4. apríl 2012 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=67&lang=is.
- S[igurður] M[elsted]. 1845. Um þjóðerni. *Ný félagsrit* 5:1-21. Sótt 10. apríl 2012 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=135219&lang=is.
- Sigurður Nordal. 1926. Málfrelsi. *Lesbók Morgunblaðsins*, 5. september. Sótt 14. apríl 2012 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=288&lang=is.
- Smith, Anthony D. 1986. *The ethnic origins of nations*. Blackwell, Oxford.
- Smith, Anthony D. 1991. *National identity*. University of Nevada Press, Reno.
- Smith, Anthony D. 1995. Nations and their pasts. Ræða flutt á þingi The Warwick Debates on Nationalism. Warwick 24. október. Sótt 25. febrúar 2012 af <http://gellnerpage.tripod.com/Warwick.html>.
- Smith, Anthony D. 1997. The 'Golden Age' and the National Renewal. *Myths and Nationhood*, bls. 36-59. Ritstj. Geoffrey Hosking og George Schöpflin. Hurst & Company, London.

- Sveinn Yngvi Egilsson. 2004. Eddas, sagas and Icelandic romanticism. *The Manuscripts of Iceland*, bls. 109-116. Ritstj. Gísli Sigurðsson og Vésteinn Ólason. Árni Magnússon Institute in Iceland, Reykjavík.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 2008. The Reception of Old Norse Myths on Icelandic Romanticism. *Det norrøne og det nationale*, bls. 103-122. Ritstj. Annette Lassen. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Reykjavík.
- Sverrir Jakobsson. 2003. Sjálfsmýnd miðalda og uppruni Íslendinga. *Þjóðerni í þúsund ár?*, bls. 17-37. Ritstj. Jón Yngvi Jóhansson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Tegnér, Esaias. 1817. Spráken. Sótt 25. mars 2012 af <http://runeberg.org/tegnér/057.html>.
- [Tómas Sæmundsson]. 1835. Fjölur. *Fjölur* 1:1-18. Sótt 21. mars 2012 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=61&lang=is.
- [Tómas Sæmundsson]. 1841. Um Alþing. *Þrjár ritgjörðir*, bls. 73-106. Kaupmannahöfn. Sótt 25. mars 2012 af http://baekur.is/bok/000431924/THrjar_ritgjordir.
- Vésteinn Ólason. 1998. *Dialogues with the Viking Age*. Heimskringla, Reykjavík.
- Walette, Anna. 2008. Frán göter till Germaner – Erik Gustaf Geijers och Viktor Rydbergs tankar om svensk identitet. *Det norrøne og det nationale*, bls. 221-240. Ritstj. Annette Lassen. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Reykjavík.
- Þjóð og tunga. Ritgerðir og ræður frá tímum sjálfstæðisbaráttunnar*. 2006. Baldur Jónsson valdi efnið og bjó til prentunar. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- [Þórður Jónasson]. 1847. Um móðurmálið. *Reykjavíkurbósturinn* 1:49-55. Sótt 2. apríl 2012 af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=69&lang=is.